

29. apríl 2008

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Varðar frumvarp til laga um fiskeldi, 530 mál, heildarlög

Matvælastofnun hefur borist til umsagnar nýtt frumvarp til laga um fiskeldi, sem er í raun sameining á lögum nr. 57/2006 um eldi vatnafiska og lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar. Kemur sú sameining, sem eðlilegt framhald af því að yfirstjórn allrar stjórnsýslu varðandi nýtingarstjórnun á fiskum hér á landi fer nú fram í einu og sama ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðar.

Umrætt frumvarp tekur verulegt mið af lögum nr. 57/2006 um eldi vatnafiska, sem voru tiltölulega ný af nálinni, en tekur þó í öllum aðalatriðum fullt tillit til þeirra hagnuna sem áður tengdust lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar. Því eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við meginþætti frumvarpsins.

Við nána skoðun kom þó í ljós ákveðið ósamræmi milli þessa frumvarps og laga nr. 61/2006 um lax- og silungsvæði að því er varðar skilgreiningu á hugtakinu hafbeit. Sú skilgreining, sem fram kemur í þingskjali 530, verður að teljast röng og ætti því að nota eftirfarandi skilgreiningu, sem bæði kemur fram í lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsvæði og lögum nr. 58/2006 um fiskrækt:

*11. Hafbeit: Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað, þegar þeir ganga úr sjó í ferskt vatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.*

Ljóst er að ofangreind skilgreining lýsir í raun þeirri hafbeit, sem stunduð var hér á landi í verulegum mæli á tíunda áratug síðustu aldar, og var í raun atvinnustarfsemi, enda þurfa hafbeitarstöðvar að afla sér rekstrarleyfis líkt og gert er í tengslum við fiskeldisstarfsemi.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þskj. 831-530. mál.

Virðingarfyllt



Árni Ísaksson  
veiðimálastjórn